

Leiðbeiningar Borgunar um sölu á netinu

Öryggisstaðall greiðslukortafyrirtækja

Öll fyrirtæki sem vinna úr, geyma eða miðla greiðslukortaupplýsingum þurfa að hlíta öryggisstaðli greiðslukortafyrirtækja (PCI DSS), sem PCI Security Standards Council gefur út.

Frekari upplýsingar má finna á https://www.pcisecuritystandards.org/document_library

Upplýsingar á vefsvæði

Fyrirtæki sem sækja um netviðskiptalausn skulu birta upplýsingar sem tilgreindar eru hér að neðan á vefsvæði eða vefsvæðum sínum og uppfylla neðangreindar kröfur. Greiðslutengill Borgunar og Vefposar bjóða ekki upp á þann möguleika að hægt sé að birta korthöfum skilmála viðskiptanna. Kortafærslur sem gerðar eru í gegnum greiðslutengil eða vefposa geta þar af leiðandi verið opnari fyrir endurkröfuáhættu ef upp koma deilur vegna viðskiptanna.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að vera til staðar á vefsvæði fyrirtækis:

Ítarlegar samskiptaupplýsingar:

- Kennitala fyrirtækis
- VSK númer fyrirtækis
- Heimilisfang fyrirtækis (staðsetning og land)
- Heimilisfang verslunar, ef við á
- Netfang fyrirtækis
- Símanúmer fyrirtækis

Ákvæði og skilmálar, þar á meðal stefnur um:

- Persónuvernd
- Vöruskil og endurgreiðslur
- Afbókunarskilmála
- Afhendingarmáta
- Upplýsingar um útflutningshömlur, ef við á
- Upplýsingar um lagalegar hömlur, ef við á
- Ítarleg lýsing á vörum og/eða þjónustu sem veitt er

Ýmsar kröfur:

- Samþykki á ákvæðum og skilmálum. Á vefsvæði fyrirtækis þurfa korthafar að geta hakað við staðfestingu á skilmálum og valkostum (fréttabréfum, viðbótarþjónustu o.s.frv.) áður en þeir greiða. Reitir sem varða ákvæði og skilmála og aukalegan kostnað mega ekki vera fyrirfram útfylltir.
- Fyrirtæki sem eru með Greiðslugátt þurfa að sýna kortamerki viðurkenndra greiðslukortafyrirtækja sem fyrirtækið móttækur (í lit), nafn fyrirtækis, viðskiptagjaldmiðil, þjónustunúmer fyrir viðskiptavini og verslunarland fyrirtækis.

- Ef við á þurfa fyrirtæki sem vinna úr, senda eða geyma upplýsingar um korthafa að hlíta öryggisstaðli greiðslukortafyrirtækja (PCI DSS) og fylla út og undirrita þar að lútandi eyðublöð hjá Borgun.

3D Secure

Við mælum með því að öll rafræn viðskipti séu staðfest með 3D Secure (Verified by Visa eða Mastercard SecureCode). 3D Secure eykur öryggi kredit- og debetkorta viðskipta á netinu og getur dregið úr áhættu og kostnaði fyrirtækis vegna svikastarfsemi.

Þó skal hafa í huga að sannvottunarkerfi takmarkast við netfærslur eins og er. Það þýðir að símgreiðslur njóta ekki verndar, né allar tegundir korta.

Borgun getur stutt við Merchant Plug In (MPI) hjá fyrirtækjum eða útvegað þeim eigið innra MPI ef þörf krefur. Upplýsingar um tæknilega samþættingu samstarfsaðila, skráningu og uppsetningu má finna í **notendaleiðbeiningum** okkar um B-Gateway.

Upplýsingar á Greiðslusíðu

Samkvæmt reglum kortafélaganna þarf nafn seljenda og tengiliðaupplýsingar (Descriptor/Doing business as) að birtast á kortayfirliti korthafa. Það er mikilvægt að upplýsingarnar séu lýsandi og skýrar til að korthafi átti sig á fyrir hvað var greitt. Nafn seljanda má innihalda allt að 22 stafi, þegar um rafræn viðskipti er að ræða þurfa tengiliðaupplýsingar að vera símanúmer, netfang eða vefslóð (URL) sem má innihalda allt að 13 stafi. Ef um boðgreiðslur er að ræða er nauðsynlegt að gefa upp símanúmer.

Boðgreiðslur og ókeypis reynsluáskriftir

Atriðin í þessum hluta segja til um skilyrðin sem fyrirtæki þurfa að uppfylla samkvæmt reglum kortafélaganna til þess að geta boðið upp á ókeypis reynsluáskriftir sem leiðir korthafann sjálfkrafa í áskrift seinna meir og aðrar boðgreiðslur. Fyrirtæki sem bjóða upp á slíka þjónustu skulu afla samþykkis korthafa og birta honum skýrar reglur, þar á meðal upplýsingar um hvernig og hvenær hann geti hætt við vöru eða þjónustu. Umsókn um slíka þjónustu kann að vera hafnað ef eftirfarandi er ekki til staðar hjá fyrirtækinu:

Stök færsla getur ekki falið í sér hlutagreiðslu, fjármagnsgjöld eða verið hærri en uppgefin upphæð.

Fyrirtæki skulu ávallt gera korthöfum ljóst hvort greiðslur séu endurtekna og veita þeim eftirfarandi upplýsingar þegar þeir samþykkja boðgreiðslur:

- Upphæð boðgreiðslu og hvort hún er föst eða breytileg.
- Dagsetning og tíðni boðgreiðslna og hvort þær eru fastar eða breytilegar.
- Samskipamáti fyrir öll samskipti er tiltekinn.
- Tímamörk á samþykki korthafa.

Ef engrar greiðslu er krafist þegar korthafi samþykkir boðgreiðslur (t.d. ef um ókeypis reynsluáskrift er að ræða) skal fyrirtæki fylgja eftirfarandi:

- Senda inn heimildarbeiðni fyrir upphæðinni núll (0) (sem staðfestingu á reikningi). Sé hún ekki samþykkt er fyrirtæki óheimilt að senda inn frekari færslur.
- Fylla út POS-reitinn í heimildarbeiðninni (126.13) með boðgreiðslutákninu R.

Fyrirtæki skal tiltaka ákvæði og skilmála boðgreiðslna, þar á meðal en ekki eingöngu:

- Skýr og einföld skref fyrir korthafi til að hætta við færslur áður en reynslutímabili lýkur.
- Skýr fyrirmæli og stefna um skil á vörum og endurgreiðslu.
- Afpöntunarreglur, þar á meðal, en ekki eingöngu, yfirlýsing um að fyrirtæki muni ekki afhenda vörur og/eða þjónustu eftir að hafa fengið tilkynningu um afpöntun frá korthafa eða útgefanda

- Á vefsvæði fyrirtækis þarf að vera sérstakur staðfestingarreitir þar sem korthafar samþykkja ákvæði og skilmála sem eiga sérstaklega við boðgreiðslur og/eða ókeypis prufuáskrift. Staðfestingarreitir mega ekki vera fyrirfram útfylltir.

Fyrirtæki verða að tilkynna korthafa, með sérstaklega tilteknum samskiptamáta, minnst sjö (7) dögum áður en boðgreiðsla er greidd ef:

- Síðasta greiðsla var fyrir meira en sex (6) mánuðum.
- Reynsluáskrift, kynningar- eða auglýsingartilboð er útrunnið.
- Greiðsla verður gjaldfærð af korti nema hætt sé við hana.
- Það eru einhverjar breytingar á boðgreiðslusamningi og/eða ákvæðum og skilmálum, þar á meðal en ekki eingöngu kostnaði eða dagsetningu.

Fylgja þarf eftirfarandi við neðangreindar aðstæður:

- Sé heimildarbeiðni ekki samþykkt skal fyrirtæki hafa samband við korthafa og innheimta ekki næstu boðgreiðslur.
- Áskrifartímabil skal almennt ekki vera meira en einn (1) mánuður að lengd. Í tilfelli einkvæmra greiðslna sem veita korthafa aðgang í fyrirfram ákveðinn tíma skal sá tími almennt ekki vera lengri en þrjár (3) mánuðir.
- Það þarf að vera korthafa ljóst ef fyrirtæki býður reynslutímabil sem breytist sjálfkrafa í áskrift ef ekkert er aðhafst.
- Ef korthafi segir upp áskrift skal fyrirtæki ávallt hætta samstundis að gjaldfæra af kortinu til að koma í veg fyrir bakfærslur.
- Innan tveggja (2) daga frá deginum sem aðilarnir gera með sér samning um boðgreiðslur skal fyrirtæki hafa samband við korthafa með fyrirfram ákveðnum samskiptahætti og staðfesta samninginn (t.d. í tölvupósti) þar sem fram koma, meðal annars en ekki eingöngu, eftirfarandi upplýsingar:
 - Reikningsnúmer
 - Dagsetning færslu
 - Upphæð færslu
 - Heiti fyrirtækis
 - Staðsetning fyrirtækis
 - Lýsing á vörum/þjónustu
 - Leyfiskóði ef við á
 - Stytt útgáfa vistaðra skilríkja (t.d. síðustu fjórir (4) stafirnir)
 - Útskýring á því hvernig vistuð skilríki eru notuð
- Fyrirtæki þurfa að afla og geyma samþykki korthafa á ákvæðum og skilmálum boðgreiðslna og/eða ókeypis reynsluáskriftar og geta gefið Borgun afrit af viðkomandi staðfestingu sé þessu óskað.

Bakfærslur og svik

Bakfærslur eiga sér stað þegar korthafi kannast ekki við færslu eða er óánægður með kaupin. Fyrirtæki þarf því ávallt að veita korthöfum réttar upplýsingar og forðast að lofa því sem ekki er hægt að tryggja.

Allar fyrirspurnir skal senda með tölvupósti á borgun@borgun.is eða með því að hafa samband við þjónustuver Borgunar í síma 560 1600.